

Nd. 284. Frumvarp til laga

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Flm.: Páll Zóphóniasson, Sveinbjörn Högnason.

1. gr.

Á eftir VIII. kafla laganna kemur nýr kafli, sem verður IX. kafli, með 7 nýjum greinum, svo hljóðandi:

Sérstök ákvæði.

- a. (59. gr.) Hvert búnaðarsamband getur sett sér ræktunarsamþykkt og ákveðið þar, að sambandið hefji ræktunarframkvæmdir í þeim tilgangi að koma því til leiðar á stuttum tíma, í lengsta lagi 10 árum, að öflun heyja á sambandssvæðinu

geti að mestu eða öllu leyti farið fram á véltæku landi. Einfaldur meiri hluti allra fulltrúa á löglega boðuðum sambandsfundi getur ákveðið, að slíka samþykkt skuli gera.

Tilgangi þessum skal náð:

- a. Með sléttun gömlu túnanna.
- b. Með þurrkun lands.
- c. Með nýrækt.
- d. Með sléttun engjalanda, þar sem sú tilhögun telst arðvænlegri en túnrækt.
- e. Með áveitum.
- f. Með öðru því, er nauðsynlegt og tiltækilegt kann að þykja.

Eftir að Búnaðarfélag Íslands hefur staðfest samþykktina, er hún bindandi fyrir allar félagsdeildir sambandsins, og bera deildirnar þá í sameiningu ábyrgð á kostnaði við véla- og áhaldakaup vegna starfseminnar, svo og öðrum stofn-
kostnaði.

Þegar búnaðarsamband hefur hafið slíka starfsemi, á hver félagsmaður á sambandssvæðinu kröfu á sambandið um að fá gert á býli sínu véltækt heyskaparland á næstu 10 árum, sem ætla má, að gefi af sér hefynd, sem jafngildi heyjum þeim, sem aflað hefur verið á jörðinni að meðaltali síðustu 10 árin, þó ekki yfir 500 hestburði (100 kg) hvert býli. Sbr. þó ákvæði 14. gr., svo og VI. kafla.

Búnaðarsambandinu ber að taka þær greiðslur fyrir ræktunarstörf þessi, að allur kostnaður þess við framkvæmdirnar í heild fái að fullu greiddur, sbr. þó 64. gr.

- b. (60. gr.) Nú hefur búnaðarsamband neitað að gera ræktunarsamþykkt samkvæmt 59. gr., eða það dregst í eitt ár, eftir að lög þessi hafa öðlzt gildi, og getur þá hvert hrepps-
búnaðarfélag á sambandssvæðinu ákveðið með einföldum meiri hluta allra félagsmanna á löglega boðuðum fundi að setja fyrir félag sitt sams konar ræktunarsamþykkt og um getur í 59. gr. Eftir að sú samþykkt hefur hlotið staðfestingu Búnaðarfélags Íslands, er hún bindandi fyrir alla félagsmennina, og bera þeir þá í sameiningu ábyrgð á kostnaði við véla- og áhaldakaup vegna starfseminnar, enda öðlast þá búnaðarfélagið sömu réttindi og tekur á sig sömu skyldur um framkvæmdir þessar á félagssvæði sínu og búnaðarsamband á sínu svæði samkvæmt 59. gr.

Heimilt er félögum, tveim eða fleiri, er gert hafa slíkar samþykktir, að mynda samtök og samvinnu um þær, enda getur Búnaðarfélag Íslands gert það að skilyrði fyrir staðfestingu samþykktar, að slíkri samvinnu sé komið á með einstökum félögum.

- c. (61. gr.) Nú hefur búnaðarsamband eða hrepps-
búnaðarfélag sett sér ræktunarsamþykktir samkvæmt 59. eða 60. gr., og skal þá Búnaðarfélag Íslands láta mæla og athuga:
 1. Stærð túna á öllum lögbýlum á sambandssvæðinu eða í hreppnum.
 2. Hve mikill hluti túnanna er véltækur.
 3. Hverja framræslu þarf á hverju túni.
 4. Hversu mikið hver jörð hefur af véltæku engi.
 5. Hver skilyrði eru til túnauka og hvort skilyrði eru til að stækka eða gera véltækt engi á jörðinni.
 6. Hverra annarra framkvæmda sé þörf vegna ræktunarinnar.

Ríkissjóður skal bera allan kostnað við mælingarnar og nauðsynlega uppdrætti.

- d. (62. gr.) Þegar lokið er undirbúningi þeim, sem um ræðir í 61. gr., skal Búnaðarfélag Íslands annast útvegum nauðsynlegra jarðvinnsluvéla og tilheyrandi verkfæra fyrir samþykktarsvæðið.

Ríkissjóður greiðir $\frac{1}{3}$ af kostnaðarverði vélanna og tilheyrandi áhalda sem styrk, en ræktunarsjóður skal veita lán, allt að $\frac{2}{3}$ hlutum, gegn veði í vélunum og ábyrgð búnaðarsambands eða samábyrgð búnaðarfélagsmanna.

- e. (63. gr.) Búnaðarfélag Íslands skal gangast fyrir því, að námskeið séu haldin fyrir þá menn, er vinna eiga með vélknúnum jarðvinnslutækjum, enda skal þeim mönnum einum heimilt að vinna með slíkum vélum, sein til þess eru viðurkenndir af Búnaðarfélagi Íslands.
- f. (64. gr.) Styrkur á jarðabætur samkvæmt þessum kafla skal vera:
1. Fyrir þúfnasléttun 4—500 kr. á ha. eftir tegund jarðabótarinnar samkvæmt reglugerð.
 2. Fyrir skurðagerð samkvæmt ákvæðum II. kafla laganna.
 3. Fyrir nýrækt í túni 4—500 kr. eftir tegund jarðabótanna.
 4. Fyrir sléttun á engjalöndum 100 kr. á ha.
- Styrkur samkvæmt 3. og 4. lið þessarar greinar fellur niður, þegar býlið hefur fengið véltæk heyskaparlönd, sem í meðalræktun og meðalárferði gefa af sér 500 hestburði af heyi (100 kg).
- Eftir það eru framkvæmdir þessar styrktar samkvæmt II. kafla laganna.
- Greiða skal verðlagsuppbót á styrk samkvæmt þessari grein, svo sem ákveðið er í 10. gr. laganna. Hámarksákvæði 11. og 13. gr. laganna taka ekki til framkvæmda samkvæmt þessum kafla.
- Styrkurinn reiknast hverju býli samkvæmt skýrslu trúnaðarmanns um fullgerðar jarðabætur, en greiða skal upphæðina í búnaðarsambandið, samtökum búnaðarfélaga eða einstöku hrepps-búnaðarfélagi, sem framkvæmt hefur ræktunarstarfið.
- g. (65. gr.) Búnaðarfélag Íslands setur reglugerð um starfsemi þá, er um ræðir í kafla þessum, en landbúnaðarráðherra staðfestir hana. Skal þar meðal annars kveða á um, hvernig tryggja skuli, að framkvæmdir þessar verði vel og vandlega af hendi leystar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1954.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á haustþinginu 1943, í Ed., en var þá vísað frá með rökstuddri dagskrá þess efnis, að nægilegur undirbúningur og rannsókn málsins væri enn ekki fyrir hendi. Stjórn Búnaðarfélags Íslands hefur falið sérstakri nefnd að athuga málið nánar, en í því efni liggur enn ekkert fyrir frá hennar hendi. Ekki er heldur vitað, að ríkisstjórnin hafi látið fram fara neinar rannsóknir eða athuganir til undirbúnings málsins, eins og hin rökstudda dagskrá gerði ráð fyrir.

Hins vegar verður að líta svo á, að hér sé um svo þýðingarmikið mál að ræða fyrir landbúnaðinn og aðkallandi, að hraða beri því sem unnt er. Af þeim sökum er málið fram borið nú þegar, þótt álit milliþinganefndar Búnaðarfélagsins sé enn eigi fyrir hendi, enda innan handar að taka tillit til þess, ef það kemur fram, meðan á meðferð málsins stendur á Alþingi.

Þegar mál þetta var flutt upphaflega, fylgdi því svo hljóðandi greinargerð: „Árið 1923 voru jarðræktarlögin sett. Þau eru fyrsta stóra átakið af hálfu hins opinbera til þess að styðja bændur til jarðræktarframkvæmda.

Yfirlit um það, hverju þessi löggjöf hefur orkað, er birt í Búnaðarritinu 1941 í „Hugleiðingum um ræktunarmál“ eftir Steingrím Steinþórsson búnaðarmálastjóra.

Í þessari grein búnaðarmálastjóra er meðal annars skýrsla um túnstærð og tún-rækt á ýmsum tímum. Eftir því, sem næst verður komið, er túnstærðin árið 1923 talin vera 22861 hektari. En árið 1940 er túnstærðin 35973 hektarar. Samkvæmt upplýsingum í sömu grein er túnstærðin 1930 um 26 þús. hektarar og töðufall um 900 þús. hestburðir eða nálega 35 hestburðir af hektara. En árið 1939 eru túnin talin um 36 þús. hektarar og töðufallið 1 milljón og 350 þús. hestburðir eða um 37 hestburðir af hektara.

„Frá setningu jarðræktarlaganna“, segir búnaðarmálastjóri, „hefur töðufallið fyllilega tvöfaldast og uppskera af hverjum hektara virðist vera 7—8 hestburðum meiri nú en 1924.“

Búnaðarmálastjórinn gerir tilraun til þess að gefa yfirlit um, hvað þessar umbætur hafi kostað, og segir þar orðrétt: „Erfitt er að fá glögg t yfirlit um, hvað þessar umbætur hafa raunverulega kostað. Þó hafa verið gerðar tilraunir til að reikna það út á marga vegu. Niðurstaðan hefur orðið sú, að ræktunarframkvæmdir síðustu 15 ára, samkvæmt jarðræktarlögunum, hafa numið minnst 36 milljónum króna. Af þeirri upphæð hefur ríkissjóður lagt fram um 7,6 milljónir. Bændur og aðrir ræktunarmenn hafa þá orðið að láta í té að minnsta kosti 28,4 millj. króna eða að meðaltali á ári um 1,9 millj. króna.“

Af þessu mætti ljóst verða, hve stórkostlegt það átak er, sem bændur landsins hafa gert, síðan jarðræktarlögin voru sett. Verk þetta var hafið af takmarkaðri þekkingu, reynslu af skornum skammti og lítilli kunnáttu í véltækni. Við höfum lært mikið á þessum árum, og okkur hefur miðað allvel áleiðis. Takmarkið er, að hver bóndi í landinu geti aflað nægilegra heyja á véltæku túni og engi. Að því marki er enn þá alllög leið ófarin. En við skulum gera okkur það alveg ljóst í eitt skipti fyrir öll, að þótt enn verði mjög víða að afla heyja með orfi og hrífu á kargapýfðum túnun og engjun, þá er engin framtíð í slíkum vinnubrögðum. Afköstin með þessum gömlu vinnuaðferðum eru svo léleg samanborið við vinnuafköst á sléttlendi með nýttizku vinnuvélum, að þessar vinnuaðferðir þola engan samanburð.

Gamla vinnuaðferðin verður því að hverfa í aðalatriðum og það á svo stuttum tíma sem auðið er. Okkur hefur, eins og fyrr er sýnt, miðað allvel áleiðis í þessari baráttu, síðan jarðræktarlögin voru sett. En þessu verki verður að hraða mun meira nú á næstu árum en gert hefur verið fram til þessa. Þetta á okkur að vera vorkunnarlaus. Við ráðum yfir meiri véltækni en áður, kostur er á afkastameiri jarðvinnsluvélum en fyrr, þekking okkar á nýtingu og notkun áburðar, þurrkun lands og yfirleitt öllu því, er að jarðrækt lýtur, hefur aukizt mikið undanfarin ár.

En jafnótt og við höfum eignast hin véltæku heyskaparlönd, hefur vinnuvélum, sem notaðar eru við heyskaparvinnu, eðlilega fjölgað. Þær hafa verið endurbættar, og við höfum lært mikið í notkun þeirra undanfarin ár, nógu mikið og almennt til þess, að hverjum bónda skilst, að heyöflun og önnur uppskeruvinna með þessum vélum er vinnuaðferð framtíðarinnar. Reynsla síðustu ára, dýr vinnukraftur og fólksekla, hefur kennt bændum til fullnustu, ef nokkuð á skorti áður, hvað vélarnar eru fyrir atvinnugrein þeirra og hvað þær gætu verið. Þessi reynsla hefur vakið ljósari skilning og ríkari áhuga hvers bónda í landinu á því að slétta tún og engi, svo að véla- vinna verði tiltækileg við heyskapinn.

Af þessu er það vissulega augljóst mál, að bændur mundu vinna að stækkun véltækra slægjulanda eftir getu og aðstæðum næstu árin, þótt ekki kæmi til breytinga á jarðræktarlögunum frá því, sem nú er. Löggjöf þessi er bændum mikil hvatning og styrkur.

En það hefur margt breytzt, síðan löggjöf þessi var sett. Breytingar á framleiðslu- háttum gerast með miklum hraða. Ef umbætur á vinnubrögðum við landbúnaðar- framleiðslu verða á eftir tímanum, skapast ekki aðeins óeðlilegt og jafnvel óþolandi ósamræmi milli hinna ýmsu framleiðenda í sjálfri atvinnugreininni, heldur og milli hennar og annarra atvinnugreina í landinu. Það getur hver maður sagt sér það sjálfur, að slíkt ósamræmi hefur í för með sér margs konar erfiðleika og hættur fyrir íslenzkt þjóðlíf.

Þegar jarðræktarlögin voru sett, var fyrst og fremst við það miðað, að á flestum bændaheimilum væri nokkur vinnukraftur afgangs haust og vor, sem heimilin gætu notað við jarðrækt. Mikið af ræktunarframkvæmdum undanfarinna ára hefur verið unnið með þessum hætti. En þróunin hefur gengið í aðra átt, einkum seinni árin. Veldur þessu einkum það tvennt, að vinnukraftur er nú á fæstum bændaheimilum

til þess nógur að vinna að jarðræktarstörfum í hjáverkum frá öðrum búönnum og að eftir því, sem kostur hefur orðið á og aukizt hefur notkun afkastamikilla jarðvinnsluvéla, hafa bændur fest auga á því, að með þeim á fyrst og fremst að vinna þessi verk. Með þessu móti er sá vinnukraftur, sem sveitirnar ráða fyrir, bezt nýttur, jarðræktarvinnan ódýrust, fljótunnust og oftast bezt gerð, þegar kunnáttumenn, sem hafa jarðrækt fyrir atvinnu, annast verkið. Viða í landinu hafa félög bænda því keypt hagkvæmar jarðvinnsluvélar og ráðið kunnáttumenn til að vinna með þeim á félagssvæðinu. Þar, sem þessum vinnuaðferðum hefur verið beitt, hafa jarðabætur orðið miklu stórfelldari en á öðrum svæðum. En þessum starfsháttum hefur fyrst og fremst orðið við komið þar, sem búa efnaðri bændur, þar sem er þéttbýli, þar sem er mikið ræktanlegt land á tiltölulega litlu svæði. Hin svæðin verða útundan eða dragast aftur úr.

Það er því augljóst mál, að þegar svo er komið, að vinnukraftur er á fæstum heimilum afgangur til að vinna að jarðrækt og vinnukraftur ókaupandi eða ófáanlegur til að vinna þessi störf með handverkfærum, þá hlýtur að skapast stöðvun eða hæðgangur í þessum framkvæmdum, sem þó er mest þörf, að verði hraðað, nema alveg nýjar ráðstafanir komi til.

Leiðin að því marki, sem við viljum ná, — útrýming þýfis á túnnum og engjum, útrýming hinna úreltu vinnuaðferða, sem eru fylgifiskar þýfisins, og í þess stað vél-tæk slægjulönd og nýtizku, hraðvirkar vinnuaðferðir á hverju býli — leiðin virðist augljós. Við verðum að styðja félagsræktunina. Við verðum að gefa öllum bændum kost á að eignast í félagi nýtizku jarðvinnsluvélar til jarðabóta. Það verður að koma á nægilega mörgum, góðum námskeiðum, til þess að þjóðin geti eignast á stuttum tíma nógu marga kunnáttumenn í meðferð hinna vélknúnu jarðræktartækja.

Með þessum hætti er það tækt að framkvæma sléttun slægjulanda á svo stuttum tíma og svo vel, að viðhlitandi sé. En fyrr en þessu verki er lokið, verður ekki á komið almennt nútíma vinnuaðferðum við öflun heyja.

Með því að gera grein fyrir efni hinna einstöku greina frumvarpsins skal skýrt í stuttum dráttum, hvernig hugsað er, að þessi mikla framkvæmd, sem hér er fyrirhuguð, verði gerð.

Um 1. gr. a.

Hér er gert ráð fyrir, að einfaldur meiri hluti fulltrúanna á fundi búnaðarsambands geti ákveðið, að sambandið framkvæmi ræktunarstörf fyrir alla þá búendur á sambandssvæðinu, er þess óska, og að frá byrjun verði ræktunarstörfunum hagað þannig, að ákveðið sé stefnt að því marki, að gömlu og úreltu heyvinnuaðferðirnar hverfi sem allra fyrst, en vinna með vélum komi í þeirra stað. Ráðgert er, að þetta taki hið lengsta tíu ár, en þar, sem sléttun slægjulands er þegar vel á veg komin eða aðstæður eru góðar, ætti að vera fært að ljúka þessu verki á miklu skemmri tíma, og að því bera að stefna sem víðast.

Sléttun gömlu túnanna, framræsla og nýrækt verða að sjálfsgöðu víða aðalverkefni, en annars staðar mundi ræktun og sléttun útengis koma jafnframt eða e. t. v. enn frekar. Framkvæmdum yrði auðvitað hagað eftir því, sem bezt hentaði á hverjum stað og arðvænlegast teldist þar. Hin einstöku býli þurfa misjafnlega mikinn heylfeng, svo að þar verði rekinn lífvænlegur búskapur. Miðað er við meðaltal undanfarinna 10 ára eða allt að 500 hestburði, en telja verður það gott býli, þar sem sá heylfengur fæst af véltæku landi.

Einstaklingarnir ráða því auðvitað sjálfir, hvort þeir notfæra sér þau kjör, sem í boði verða, enda bera þeir kostnaðinn að því leyti, sem hinn opinberi styrkur nægir ekki. En þó leggur ríkið svo mikið af mörkum og svo miklu skiptir, að því fé sé vel varið fyrir heildina, að ákvæði 14. gr. og VI. kafla jarðræktarlaganna verða að takmarka þennan rétt einstaklinganna á þann hátt, að ekki sé varið verulegu fé úr ríkissjóði í umbætur á jörðum, sem einhverra orsaka vegna er talið, að ekki geti orðið til frambúðar, sbr. sérstaklega ákvæði VI. kafla jarðræktarlaganna.

Ætla má, að stórvirkari og dýrari jarðvinnsluáhöld mundu víða gefa betri og ódýrari vinnuafköst og að hin smærri búnaðarsambönd reyndust í heild hæfilega stórt verksvið fyrir þess háttar vélar.

Um 1. gr. b.

Gera verður ráð fyrir því, að í sumum búnaðarsamböndunum, einkum þeim víðlendarum, verði ekki í það ráðizt að framkvæma ræktunarstörfin á öllu sambands-svæðinu í einni heild. Í greininni er því hinum einstöku hrepps-búnaðarfélagum gefinn þess kostur að setja sér sams konar samþykktir fyrir sitt félagssvæði og búnaðarsamböndin geta sett sér eftir 1. gr. a. (59. gr.). Þá er og gert ráð fyrir því, að búnaðarfélag, tvö eða fleiri, myndi með sér samtök um ræktunarstarfið, enda Búnaðarfélagi Íslands beinlínis heimilað að koma því til vegar þar, sem sú tilhögun telst heppilegri.

Um 1. gr. c.

Samkvæmt þessari grein er ætlað til þess, að fyrsta aðstoðin við ræktunaráhuga og ræktunarfyrirættanir búnaðarsambanda og búnaðarféлага verði sú, að Búnaðarfélag Íslands láti gera mælingar og athuganir á hverju býli á samþykktarsvæði, svo víðtækar og vandaðar, að sem mest öryggi verði fyrir því, að á hverjum einstökum stað verði framkvæmdunum hagað eftir því, sem bezt á við þar. Þá er ætlað til þess, að gerðir verði uppdrættir af hinum fyrirhuguðu ræktunarlöndum.

Um 1. gr. d.

Einn mikilsverður þáttur í ræktunarstarfinu verður val og útvegur jarðvinnslu-véla og verkfæra. Það skiptir miklu, að þessar vélar séu vel valdar og við hæfi á hverjum stað. Það þykir því hyggilegast, að Búnaðarfélag Íslands útvegi þessar vélar, enda hefur það sér til aðstoðar þá kunnáttumenn, sem völ er á beztum hér á landi í vali og notkun jarðvinnsluvéla og verkfæra. Og með því að ríkissjóður styrkir kaup þessara véla og verkfæra að $\frac{1}{3}$, en Ræktunarsjóður veitir lán allt að $\frac{2}{3}$ af kostnaðar-verði véla og tilheyrandi áhalda, er og til þess ætlað, að Búnaðarfélag Íslands sjái um, að eigi séu keyptar vélar framar þörf.

Um 1. gr. e.

Það er og mikilvægur þáttur í ræktunarstarfinu, svo sem reynslan hefur sýnt, að völ sé á hæfum kunnáttumönnum til þess að fara með vélarnar. Námskeið verður því að halda fyrir þá menn, er vinna eiga með vélknúnum jarðvinnslutækjum, og sannprófa, að eldri kunnáttumenn séu til þess hæfir. Það er hvorki rétt né hyggilegt, að veittur sé styrkur úr ríkissjóði til kaupa á dýrum tækjum, án þess að jafnframt sé tryggt, að þeir, sem með þeim vinna, kunni með þau að fara.

Um 1. gr. f.

Tekin eru upp í greinina sams konar ákvæði um upphæð styrks á þúfnasléttun og nýrækt, sem þau, er gilda um sléttun gömlu túnanna, eftir ákvæðum til bráðabirgða í jarðræktarlögunum, eins og þau eru nú. Þá er og til þess ætlað, að sléttun útengis verði styrkt með 100 kr. á ha. Framræsla verður hins vegar styrkt eftir hinum almennu ákvæðum jarðræktarlaganna, enda er þar ætlaður allríflegur styrkur til framræslu samanbórið við styrk til annarra greina jarðvinnslunnar.

Þau bættu kjör, sem þessi grein veitir jarðræktinni, falla niður, þegar býli hefur náð því marki að geta fengið af véltæku landi svo mikinn heyafli, að telja verði nægilegt fyrir lífvænlegan rekstur meðalbús, og er hér gert ráð fyrir, að til þess þurfi 500 hestburði heys. Eftir það gilda ákvæði jarðræktarlaganna og þá einnig að sjálfsögðu þau fyrirmæli í ákvæðum til bráðabirgða, er snerta gömlu túnin.

Þar sem til þess er ætlað, að samþykktarheildirnar annist um ræktunarfamkvæmdirnar til fullnustu, þykir rétt, að styrkurinn sé þá einnig greiddur þeim, sem verkið framkvæmir.

Um 1. gr. g.

Þótt allýtarlega sé í ákvæðum þessa frumvarps mælt fyrir um, hvernig hinum fyrirhuguðu framkvæmdum skuli hagað, þykir þó óhjákvæmilegt, að Búnaðarfélag Íslands setji reglugerð um starfsemi þá, er um ræðir í frumvarpinu. Sérstaklega þykir nauðsyn til bera að kveða á um í þeirri reglugerð, hvernig tryggja skuli, að ræktunarframkvæmdirnar verði vel og vandlega af hendi leystar.

Um 2. gr.

Í grein þessari er ákveðið, að þau sérstöku fyrirmæli, sem um ræðir í frumvarpinu, falli úr gildi 1. janúar 1955, en þá er gert ráð fyrir samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, að hinum fyrirhuguðu framkvæmdum verði í aðalatriðum lokið.